

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 9. gr.

a. 2. töluliður orðist svo:

Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofanjarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveim eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar.

Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línunum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda, strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr.

Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að $\frac{3}{4}$ hlutum.

b. Fyrir „samgöngumálaráðuneytinu“ í 3. tölulið komi: hlutaðeigandi ráðuneyti.

2. Við 10. gr.

a. Orðið „raunverulegan“ í II. lið falli burt.

b. Á eftir orðunum „er nemi 1500.00 krónum á ha.“ í III. lið komi: samkv. stafliðum b, c, d, e.

3. Við 19. gr. Greinin orðist svo:

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki kaup á nægilega mörgum vélum til að halda uppi starfsemi þeirri, sem tilgreind er í 15. gr., svo að viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar, til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

4. Við 22. gr. Fyrri hluti 2. málsg. orðist svo:

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og skal í fyrsta skipti lagt á skurðgröft ársins 1965, en gjaldið ákveðst fyrir það ár þannig:

5. Við 23. gr. Á eftir orðunum „Skal hann vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands“ í 1. málsg. bætist: Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins og sér um reikningshald fyrir sjóðinn.